

Skipulagsstofnun  
Matthildur B. Stefánsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 30. október 2018  
UST201810-075/B.S.  
10.05.00

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Skíðasvæði í Bláfjöllum. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 5. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif umræddra framkvæmda í Bláfjöllun snúi annars vegar að mannvirkjagerð og raski á jarðminjum og hins vegar mögulegum áhrifum á vatnsvernd á rekstrartíma, en skíðasvæðið er á fjarsvæði vatnsverndar.

Eins og fram kemur í greinargerð hefur skíðasvæði verið rekið í Bláfjöllum frá því 1968. Talsverðar framkvæmdir hafa verið á svæðinu sem felast m.a. í mótun brekkna og byggingu skíðaskála ofl. Ráðgert er að ráðast í frekari framkvæmdir af þessu tagi á næstu árum og fara þær framkvæmdir að mestu fram á röskuðum svæðum eða í framhaldi svæða sem þegar hefur verið raskað. Umhverfisstofnun telur ekki að frekari uppbygging í Bláfjöllum muni hafa umtaslverð umhverfisáhrif í för með sér umfram það sem þegar er orðið, enda eru þær í samræmi við þær reglur sem gilda um Bláfjallafólkvang. Umhverfisstofnun telur hins vegar að vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins stafi frekar ógn af rekstri skíðasvæðisins en mannvirkjagerð á svæðinu. Í samþykkt um verndarsvæði vatnsbólá á höfuðborgarsvæðinu nr. 555, 19. Júní 2015 segir í 39. gr. „Fjarsvæði er aðalákomaustaður fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum. Öll landnot verða að falla að forsendum vatnsverndar.“


Verkfræðistofan Mannvit gerði áhættumat gagnvart vatnsvernd – 2017 vegna uppbyggingar aðstöðu við Þríhnúkagíg og Bláfjöll. Þar kemur m.a. fram að þörf sé á mótvægisáðgerðum sem felast m.a. í lagfæringu hættulegustu vegkafla á umræddu svæði til að draga úr líkum á mengunarslysum. Einnig er bent á að bílastæði við skíðasvæðið í Bláfjöllum er á vatnaskilum sem þýðir að mengun á svæðinu færi ekki endilega í vatnsból höfuðborgarsvæðisins. Umhverfisstofnun telur að ganga eigi úr skugga um þetta og grípa til aðgerða ef þurfa þykir s.s. að leggja bundið slitlag á bílastæðið og koma fyrir olíuskiljum.

Eftirfarandi kemur fram í greinargerð starfshóps Kópavogsbæjar – febrúar 2018: „Niðurstaða hópsins er að ásættanlegt sé að vera með starfsemi í Bláfjöllum og við Þríhnúkagíg hvað varðar vatnsvernd, enda verði sú starfsemi byggð á þeim

mótvægisáðgerðum sem getið er um í uppfærðu áhættumati (Mannvit 2017). Þær mótvægisáðgerðir eru nauðsynlegar forsendur þess að starfsemin ógni ekki núverandi stöðu vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins og draga þannig verulega úr líkum á að grunnvatn mengist og að vatnsbólum höfuðborgarsvæðisins stafi hættu af þeirri mengun.“ Að viðbættum mótvægisáðgerðum í greinargerð Mannvits 2017 telur Umhverfisstofnun að gera eigi vöktunaráætlun fyrir Bláfjallasvæðið. Tryggt verði að ekki verði notuð íblöndunarefni við snjóframleiðslu og kannað verði hvort æskilgt sé að viðhafa svipað verklag við losun seyrur og flutning olíu um svæðið. Einnig mætti kanna virkni rotþróa á svæðinu.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að uppbygging og rekstur skíðasvæðis í Bláfjöllum muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Hildur Vésteinsdóttir  
Sviðsstjóri